

Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
[nefndarsvid@althingi.is](mailto:nefndarsvid@althingi.is)

Hveragerði, 4. apríl 2016

145. löggjafarþing 2015-2016  
40.mál: Mjólkurfræði

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu náms í mjólkurfræði.**

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um eflingu náms í mjólkurfræði sem mælt var fyrir á Alþingi 2. mars sl., þingskjal nr. 40. Í tillögunni er lagt til að Mennta- og menningarmálaráðuneytinu verði falið það verkefni að ráðast í endurskoðun á tilhögun náms í mjólkurfræði þannig að tryggt verði að íslenskir nemendur komist að í námi sem þessu.

Fagræð mjólkuriðnaðarins vill undirstrika þá þörf sem þegar er orðin á lausn þessa máls og þarf samninga við dönsk yfirvöld hið snarasta til að tryggja að nauðsynleg þekking í mjólkuriðnaði viðhaldist á Íslandi og tryggi okkur áfram þá sterku stöðu sem íslenskur mjólkuriðnaður hefur áunnið sér.

Ljóst er að endurnýjun í stétt mjólkurfræðinga hér á landi er brýn og eins og staðan er í dag eru namar að velja aðrar námsgreinar vegna óvissunnar kringum skólagjöld o.fl. Nú þegar bíða 6 aðilar eftir að komast á samning í mjólkuriðn en meðan óvissa um kostnað við námið er eins og hún er í dag þá er alger stöðnun í gerð nýrra námssamninga í iðngreininni.

Í bréfi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til SI, dagsettu 5. febrúar 2016, kemur fram að ráðuneytið hafi komist að þeirri niðurstöðu að íslenskir nemendur í mjólkuriðn verði að taka námslán fyrir kostnaði við námið. Þetta er að mati Fagræðsins, mismunun milli lögbundinna iðngreina og ber stjórnvöldum að tryggja jafnan rétt til iðnáms milli greina. Ef námið er ekki kennt hérlendis ber yfirvöldum að greiða sambærilega upphæð fyrir þá nema sem vilja mennta sig í mjólkuriðn. Íslensk stjórnvöld standa straum af kostnaði við nám á framhaldskólastigi hérlendis og á það einnig að gilda um mjólkuriðn að okkar mati. Menntamálaráðuneyti Íslands þarf að leyta lausnar á þessu hið fyrsta og samningar við erlenda skóla teljum við eiga að vera í höndum íslenskra yfirvalda.

Það er jafnframt er mat fagræðsins að það samstarf sem verið hefur um áratugi við danska skólann Kold College (áður Dalum Tekniske Skole) hafi skilað vel menntuðum einstaklingum til Íslands til framdráttar íslenskum mjólkuriðnaði. Samstarf og tengsl við danskan mjólkuriðnað hefur verið með miklum ágætum gegnum tíðina og mælir fagræðið eindregið með áframhaldnandi samvinnu í þessum efnunum við dönsk yfirvöld sem og Kold College í Óðinsvéum.

Fh. Fagræðs mjólkuriðnaðarins

---

Anton Tómasson, formaður.